KROSSGÁTA

Nr. 462

1	2	3	4	5	♡	6	3	7	8	9	♡	10	11	12
13	8	9	12	♡	7	14	9	15	♡	3	16	17	18	19
3	19	12	5	20	3	9	21	♡	22	3	17	18	♡	5
23	♡	24	18	3	9	♡	25	16	3	24	15	♡	26 O	5
♡	16	15	8	19	♡	27	19	5	9	♡	19	15	1 F	♡
6	25	♡	15	24	12	19	♡	5	12	13	♡	28	8 T	8
18	25	15	7	14	6	8	8	♡	23	15	6	18	♡	29
♡	16	9	8	9	3	♡	6	18	19	♡	27	19	5	12
16	15	1	9	♡	6	5	12	9	♡	30	16	15	19	♡
18	8	9	12	5	♡	3	19	5	12	19	15	♡	24	27
14	♡	12	24	15	3	19	♡	5	26	15	25	29	3	19
19	5	12	♡	16	9	21	9	♡	8	♡	9	21	♡	15
15	28	♡	7	1	21	9	♡	31	19	5	♡	19	18	25

A Á B D Đ E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö


Setjið rétta stafi í reitina hér fyrir neðan. Þeir mynda þá kvenmannsnafn. Sendið þetta nafn sem lausn á krossgátunni til Þjóðviljans, Síðumúla 6, Reykjavík, merkt: „Krossgáta nr. 462". Skilafrestur er þrjár vikur. Verðlaunin verða send til vinningshafa.

20	31	4	15	23	11	18

Stafirnir mynda íslenskt orð eða mjög kunnugleg erlend heiti hvort sem lesið er lá- eða lóðrétt.
Hver stafur hefur sitt númer og galdurinn við lausn gátunnar er sá að finna staflykilinn. Eitt orð er gefið og á það að vera næg hjálp því með því eru gefnir stafir í allmörgum orðum. Það eru því eðlilegustu vinnubrögðin að setja þessa stafi hvern í sinn reit eftir því sem tölurnar segja til um. Einnig er rétt að taka fram, að í þessari krossgátu er gerður skýr greinarmunur á grönnum sérhljóða og breiðum, t.d. getur a aldrei komið í stað á og öfugt.

Verðlaunin fyrir krossgátu nr. 459 hlaut Anna J. Magnúsdóttir, Hlíðarvegi 3c, 580 Siglufirði. Þau eru bókin Gott er að lifa eftir Jón úr Vör. Lausnarorðið var Honduras.

Verðlaunin að þessu sinni eru bókin Fótatak eftir Valtý Guðmundsson.



Kópavogsbúar

Íþróttaráð Kópavogs gengst fyrir 5 vikna trimmnámskeiði, sem verður á Kópavogsvelli **þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17.30-18.30** og hefst þriðjudaginn 16. apríl n.k.

Skokk – Teygjur – Þrekæfingar.
Námskeiðið er ætlað fólki á öllum aldri, leiðbeinandi er Ásdís Ólafsdóttir íþróttakennari. Þátttökugjald er kr. 400.- fyrir 13 ára og eldri. **Uppl. um pantanir í síma 41570 fyrir 15. apríl n.k.**

Sjúkraliðar

3ja mánaða framhaldsnámskeið í hjúkrun aldraðra verður haldið í haust, ef næg þátttaka fæst. Uppl. á skrifstofu skólans í síma 84476 milli kl. 10 og 12. Umsóknarfrestur er til 1. júní n.k.

Sjúkraliðaskóli Íslands

Frá Sjúkraliðaskóla Íslands

Umsóknaeyðublöð um skólavist næsta skólaár liggja frammi á skrifstofu skólans að Suðurlandsbraut 6, 4. hæð frá kl. 10-12 til loka umsóknarfrests 1. júní n.k.

Skólastjóri

Frá Tónlistarskóla Kópavogs

Tónlistarskóli Kópavogs mun halda þrenna vortónleika þann 16., 19. og 23. apríl í sal skólans að Hamraborg 11 þriðju hæð, og hefjast þeir klukkan 20.30.

Skólastjóri

Atvinna í boði

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins auglýsir starf útibússtjóra á Neskaupstað laust til umsóknar.
Háskólapróf í efnafræði, líffræði, matvælafræði eða skyldum greinum áskilið. Upplýsingar í síma 20240.



Þessir FÍM-félagar voru að hengja upp á Kjarvalsstöðum þegar Valdís truflaði þá og plataði upp í stiga.

Kjarvalsstaðir

Vorsýning FÍM 1985

25 félagar sýna, þar af fimm í „kjarna"

Í dag, laugardag, kl. 14 verður opnuð að Kjarvalsstöðum Vorsýning Félags íslenskra myndlistarmanna. Þetta er lokuð félagssýning og gefur þar að líta 111 verk eftir 25 félaga í FÍM.

Undanfarin ár hafa árlegar sýningar FÍM verið haldnar á haustin og hafa þær verið opnar utanfélagsmönnum jafnt sem félögum í FÍM. Að þessu sinni var ákveðið að hafa sýninguna að vori og hafa hana eingöngu fyrir félaga FÍM „og láta reyna á styrk félagsins" eins og segir í sýningarskrá.

Fimm myndlistarmönnum var boðið að mynda svonefndan kjarna í sýningunni og er þeim skipað á sérstakan sess í sýningarsal og -skrá. Þessir fimm eru Jóhann Briem, Magnús Kjartansson, Valgerður Bergsdóttir, Sigurður Sigurðsson og Ragnheiður Jónsdóttir. Eru þessum fimm gerð sérstök skil í sýningarskrá.

Vorsýning FÍM verður í Austursal Kjarvalsstaða en þar verður opið daglega frá kl. 14-22 fram til 5. maí. **–ÞH**



Hjúkrunarfræðingar – sjúkraliðar

og aðstoðarfólk óskast til sumarafleysinga. Upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri í síma 29133 kl. 8-16. Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar Hátúni 12.